


SÖNG- KEPPNI

FRAMHALDSSKÓLANNA 2014





Hraðfréttafélagarnir **Benni** og **Fannar** eru til alls vísir en þeir munu sjá um að kynna keppendur á svið í Hofi á laugardaginn kemur.

Fær Benni uppreisn æru?

Hraðfréttamennirnir Fannar Sveinsson og Benedikt Valsson munu halda uppi fjörinu á milli atriða á Söngkeppni framhaldsskólanna annað árið í röð. Strákarnir segjast sérlega vel stemmdir fyrir söngkeppninni í ár og jafnvel betur en í fyrra. „Við erum eiginlega spennari núna af því að við ætlum að gera skíðaferð úr þessu,“ segir Benedikt og bætir við að það sé kominn tími á skemmtilega vinaferð. „Þetta snýst bara um krakkana,“ segir Benedikt um við hverju megi búast af þeim félögum á sviðinu. „Við erum bara í aukahlutverki en við verðum samt alveg skemmtilegir, tökum eitt – tvö – þrjú – fjögur lög eða svo,“ segir hann glettnislega.

„Það getur allt gerst í beinni útsendingu“

Þó svo að þeir Fannar og Benni hafi látið fyrir sér fara í félagslífi Verzlunarskólans á árum áður tók hvorugur þeirra nokkurn tíma þátt í söngkeppninni. „Ég syng ekki,“ segir Fannar ákveðinn en bendir á að starfsbróðir hans hafi þó gert heiðarlega tilraun til þess að komast í söngkeppnina. „Ég tók þátt í Vælinu, forkeppninni í Verzló og lenti í öðru sæti. Ég tapaði fyrir Ólöfu Jöru sem fór síðan í úrslit svo hún eyðilagði þennan draum fyrir mér,“ segir Benedikt. Þrátt fyrir að hótuninni

um lögin fjögur hafi verið hent fram í glettni er nokkuð ljóst að hann gæti auðveldlega fengið uppreisn æru á laugardagskvöldið. „Við gætum alveg tekið lagið, hver veit.“ Varðandi verkaskiptingu sín á milli segja drengirnir það hlutverk Benedikts að halda öllu gangandi. „Ég spila bara af fingrum fram,“ segir Fannar en Benedikt fullyrðir að Fannar viti í raun ekkert hvað þeir eru að fara út í. „Ég er mjög vel undirbúinn og tilbúinn að takast á við þetta verkefni en Fannar veit ekkert um þetta.“ segir Benedikt sem finnst Fannar frekar líklegur til að missa eitthvað óheppilegt út úr sér á laugardaginn en Fannar virðist sultuslakur. „Það getur allt gerst í beinni útsendingu,“ segir hann hinn rólegasti.

Tóku lazzertag fram yfir Sigga Þór

Þeir félagar verða örliðið skömmustulegir þegar eftirminnlegasta atriði söngkeppni framhaldsskólanna ber á góma en þeir eru sammála um að þann titil hljóti góðvinur þeirra, leikarinn Sigurður Þór.

„Siggi Þór komst í úrslit árið 2008 og vann meira að segja. Hann var að vona að við vinahópurnir kæmum að styðja hann á Akureyri. Þá vorum við hinsvegar eitthvað voðalega uppteknir þar sem það var lazzertag mót í Verzló sama kvöld svo við gáfum okkur ekki tíma í að fara,“ segir Benedikt.

„Hann var eðlilega og er örugglega enn leiður yfir því svo við verðum eiginlega að segja að hann hafi verið í uppáhaldi.“

Þeir Fannar og Benedikt segjast bjartsýnir á að söngkeppnin verði með glæsilegasta móti í ár. „Við vonum bara að fólk horfi á keppnina, hafi gaman af og muni eiga fallegan laugardag og laugardagskvöld með okkur í Hofinu,“ segir Benedikt að lokum.



Gleðilega hátíð!

Um helgina fer 25. Söngkeppni framhaldsskólanna fram í Hofi á Akureyri. Þessi sögufræga keppni hefur verið haldin árlega frá árinu 1990 og hafa margir af fremstu tónlistarmönnum Íslendinga stigið þar sín fyrstu skref í átt að frægð og frama. Þar má nefna Pál Óskar Hjalmtýsson, Emilíönu Torrini og Eypór Inga Gunnlaugsson en einnig Nönnu Bryndísi Hilmarsdóttur og Sverri Bergmann. Á síðum 4 og tíu má kynna sér sigurvegara seinasta árs og sögu keppinnar eilítið betur en aðrar síður þessa blaðs eru tileinkaðar Söngkeppninni 2014, keppendum hennar, kynnum og dómurum auk alls þess stórkostlega sem Akureyri hefur upp á að bjóða þessa helgina.

DAGSKRÁ HELGARINNAR Á AKUREYRI

FIMMTUDAGUR

14.00 Snilldarlausnir í menningarhúsinu Hofi.
19.00 King of Hlíðarfjall „Hver er fyrstur niður!“
19.00 Grillveisla í Hlíðarfjalli.
20.30 Sjallinn opnar.
21.00 Egill dj.
22.30 Mafama.
23:20 Vök.
00:00 Logi Pedro.

FÖSTUDAGUR

12.00 Hádegistónleikar í Hofi.
17.00 Brettabíó í Borgarbíó.
20.00 Leiksýning Vorið Vaknar í samkomuhúsinu.
21.00 BURN Jib mót í göngugötunni.
21.30 Tónlistarhátíð AKX í Sjallanum.
22.00 Helgi Björns og reiðmenn vindanna á Græna Hattinum.

LAUGARDAGUR

10.00 Hlíðarfjall opnar.
10.00 Slopestyle hjá yngri flokkum í Hlíðarfjalli.
13.00 Undankeppni Söngkeppni framhaldsskólanna 2014 í Hofi.
16.00 Skautapartý í Skautahöllinni –frítt inn.
19.00 RÚV fréttir í beinni frá Hofi.
19.30 Úrslit Söngkeppni framhaldsskólanna 2014 í Hofi.
21.00 AK Extreme með Big Jump í gillinu.
22.00 Helgi Björns og reiðmenn vindanna á Græna Hattinum.

SUNNUDAGUR

11.00 Sunnudagsmorgunn með Gísla Marteini í Hofi.
14.00 Tumi Tímalausi í álfheimum barna-leiksýning í Hofi.

Dýrðlegt dómarateymi

Dómarateymi ársins er skipað frábærum listamönnum sem öll eiga það sameiginlegt að syngja eins og englar. Þau eiga það vandasama verk fyrir höndum að velja þá sem halda áfram úr undanúrslitum söngkeppinnar og að lokum sigurvegarann sjálfan. Verkefnið er ærið og síst öfundsvert en það er mikil mildi að svo hæfir einstaklingar skuli tilbúnir til að taka það að sér.



Högni Egilsson

Hefur gert garðinn frægan sem einn af söngvurum Hjaltaín og GusGus auk þess sem hann hefur nýlega hafið sólóverkefni undir nafninu HE. Högni hefur vakið athygli fyrir einstakan stíl og fagran makka en hann er líklega einn vinsælasti söngvari landsins um þessar mundir.

Lovísa Sigurðardóttir

Lovísa er líklega betur þekkt undir listamannsnafninu sínu, Lay Low, en hún hefur verið meðal ástsælustu tónlistarmanna þjóðarinnar allt frá því að hún sendi frá sér sína fyrstu sólóplötu Please don't hate me árið 2006.



Valgerður Guðnadóttir

Valgerður Guðnadóttir er sópran söngkona sem hefur komið víða við á sínum ferli. Hún hefur leikið og sungið í ýmsum uppfærslum í leikhúsum landsins hefur hún margsinnis komið fram sem einsöngvari og léði Disney-persónum eins Pocahontas, Mulan og Litlu Hafmeyjunni rödd sína.

Söngkeppni framhaldsskólanna 2014

Ritstjórn: Anna Marsibil Clausen (annamarsy@mbl.is)

Umbrot: Hilmar Gunnarsson (hilmar@mbl.is)

Forsíða: Hvíta húsið.

Útgefandi: Árvakur. Prentun: Landsprent.



TIL MIKILS AÐ VINNA

Verðlaunin í Söngkeppni framhaldsskólanna 2014 eru af veglegri endanum en sigurvegarinum mun hlotnast einstakt tækifæri á framabrautinni. Auk þess að hljóta rísa **Vodafone RED pakka** og splunkunýjan **Samsung S4** mini síma mun sigurvegarinn hljóta **útgáfusamning við Senu**. Margir af helstu listamönnum þjóðarinnar vinna með Senu en nú þegar liggur fyrir að sigurvegarinn mun gefa út lag í sumar á þeirra vegum og ekki er ólíklegt að úr verði **aðalsumarsmellurinn 2014**.

Samsung Galaxy Ace 3
4.590 kr. /12 mánn
eða 49.990 kr. stgr.



Samsung Galaxy s4 mini
6.490 kr. /12 mánn
eða 69.990 kr. stgr.

Sony Xperia Z1
10.990 kr. /12 mánn
eða 119.990 kr. stgr.



**Þrír snjallir
á góðu verði**

Vodafone
Góð samskipti bæta lífið

Sigurvegari söngkeppninnar 2013 segir stemninguna baksviðs hafa minnt á skátafund

Þeir sigra sem ögra

Ásdís María Viðarsdóttir vann Söngkeppni framhaldsskólanna í fyrra fyrir hönd Menntaskólans við Hamrahlíð. Ásdís söng lagið „Pink Matter“ en lagið er þekktast í flutningi Íslandsvinarins Frank Ocean. „Frank Ocean var nýbúinn að gefa út seinni plötuna sína „Channel Orange“ og allir voru að hlusta á hana, þar á meðal ég,“ segir Ásdís. „Ég vissi að ég vildi bara syngja lög af henni þannig að ég prófaði þau næstum öll og Pink Matter kom bara best út.“ Ocean sótti Ísland heim síðasta sumar og kom fram í Laugardalshöll við mikinn fögnuð ungu kynslóðarinnar. Ásdís María lét sig að sjálfsögðu ekki vanta á viðburðinn. „Ég þurfti samt að einbeita mér rosalega að því að hlusta á hann syngja en ekki alla unglíngana í kringum mig,“ segir Ásdís spök og bætir við að Ocean sé ótrúlegur söngvari.

Skátastemning

Ásdís María hafði aðeins fylgst með keppninni með öðru auganu síðustu árin áður en hún sjálf tók þátt en hún segist hafa fylgst vel með þegar hún var lítil. Hún viðurkennir að hafa verið stressuð fyrir úrslitakeppninni en segir stressið hafa verið sér hollt. „Ef ég er stressuð þá reyni ég bara að hlæja og róa aðra niður með því að segja sögur og brandara, á endanum þá róast maður sjálfur,“ segir Ásdís en hún líkir stemningunni baksviðs við stemninguna í skátunum. „Allir góðir vinir en aðeins of mikið sungið.“

Bara kóngafólk í MH

Ásdís María vann ekki titilinn einan og sér því hún fékk snjallsíma, birgðir af súkkulaðimjólk og ferð til Danmörkur í verðlaun. „Systir mín rekur verslun og á heima í Kaupmannahöfn þannig að flugmiðinn var rosalega hentugur. Ég nýtti hina vinningana eins og þá ber að nýta. Ég talaði í súkkulaðimjólkina og drakk símann,“ segir Ásdís glettnislega og fylgir eftir snöggu „búm-ts!“ hljóði. „Mér var tekið eins og drottningu í skólanum eftir sigurinn. Það er samt eiginlega bara kóngafólk í MH þannig að það var eðlilegt,“ segir Ásdís.

Hópferð í söbbogsund

Ásdís hefur ekki setið auðum höndum síðan í keppninni því hún flutti lag Hauks Johnson „Amor“ í Söngvakeppni sjónvarpsins. „Söngkeppnin lék auðvitað lykilllutverk í þátttöku minni í Júrú. Fólk kannast við mann og hefur margt að segja og það er oftast frábært. Ég á þessari keppni margt að þakka,“ segir Ásdís en auk þess segir hún margt fleira spennandi framundan. „Ég er að vinna með tveimur spennandi tónlistarmönnum og svo erum ég og Oddur að fara að henda út nokkrum lögum,“ segir Ásdís og á þar við Odd Inga Kristjánsson sem sá um útsetningu og undirleik á „Pink Matter“ fyrir Ásdísi á sínum tíma. Spurð um góð ráð fyrir keppendur segir Ásdís „Ekkert stress, einn Sun Lolly og þeir sigra sem ögra.“ Eins vill hún koma því á framfæri að Subway á Akureyri sé einfaldlega betra en annað Subway. „Ég legg til hópferð í söbbogsund á söbbsundudeginum. Ég skal búa til event,“ segir Ásdís sem er greinilega vel upplögð fyrir helgina.



„Ég legg til hópferð í söbbogsund á söbbsundudeginum.“



Mynd/Árni Sæberg



RED skautapartý í boði Vodafone

Í Skautahöllinni á Akureyri laugardaginn 5. apríl, kl. 15-18.

Lísthlaupssýning og skemmtileg stemning fyrir alla fjölskylduna. Allir sem ekki eiga skauta geta fengið skauta lánaða sér að kostnaðarlausu.

Vodafone
Góð samskipti bæta lífið



KRÍTADU ÞIG UPP

Dagrún Þórný

Fjölbrautaskólinn í Ármúla

Lag: „Það er draumur að vera með dáta“.

Fylgdist þú með söngkeppninni sem barn?

Ég fór á keppnina árið 1996 í Laugardalshöllinni. Það er frábært að sjá hversu margir úr þeirri keppni eru frægir tónlistarmenn í dag.

Hvað hefur þú verið að gera í verkfallinu?

Ég hef verið að reyna að halda mér við lærdóminn svo ég dragist ekki mikið aftur úr og notað tímann til að fara í ræktina.

Hvað er það eftirminnlegasta við ferlið á bakvið söngkeppnina hingað til?

Það er framkomunámskeiðið og það er frábært að kynna öðrum keppendum því það minnkar bæði stressið og verður meiri stemning á keppninni sjálfri.



Gréta Sigurðardóttir

Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Lag: „Ástin er eilíf“.

Hvað hefur þú verið að gera í verkfallinu?

Það hefur verið mjög lítið að gera hjá mér. Ég hef fengið mjög litla vinnu en annars hef ég verið á blakæfingum, að æfa fyrir Grease söngleik sem skólinn er að setja upp og láta mér leiðast.

Gerir þú ráð fyrir að leggja sönginn fyrir þig í framtíðinni?

Já, vonandi eitthvað ef ég fæ tækifæri til þess. Er meira spennt fyrir leiklistinni en þar er auðvitað gott að geta sungið og vonandi á það eftir að hjálpa mér.

Átt þú þér einhverjar fyrirmyndir í tónlistinni?

Auðvitað Beyoncé, þó að það sé aldrei neinn sem er að fara að toppa hana er alveg hægt að líta upp til hennar á öðrum sviðum eins og hversu fluttur ferillinn hennar er, löggin og fleira.



Sunna Líf og Tinna Björk

Fjölbrautaskóli Norðurlands Vestra

Lag: „I See Fire“ – Ed Sheeran

Hvað hafir þið verið að gera í verkfallinu?

Við erum bara búnar að hafa það gott. Æfum fyrir söngkeppnina, vinnum og lærum svona til skiptis.

Gerir þið ráð fyrir að leggja sönginn fyrir ykkur í framtíðinni?

Auðvitað gerum við ráð fyrir söng í framtíðinni, allavega klárlega alltaf eitthvað á hliðarlínunni.

Eigið þið ykkur einhverjar fyrirmyndir í tónlistinni?

Hann Bubbi Morthens er okkar helsta fyrirmynd. Hann er alveg æðislegur texta- og lagahöfundur og frábær söngvari.



Harpa Benediktsdóttir

Framhaldskólinn á Laugum

Lag: „Who you are“ með Jessie J.

Hvað hefur þú verið að gera í verkfallinu?

Ég hef mikið verið að æfa mig og eytt tíma með vinum mínum.

Hvað er það eftirminnlegasta við ferlið á bakvið söngkeppnina hingað til?

Tónkvíslin, undankeppnin söngkeppninnar á Laugum.

Ég mun aldrei gleyma þessu kvöldi. Það var í fyrsta skipti sem ég tók þátt í Tónkvíslinni.

Átt þú þér einhverjar fyrirmyndir í tónlistinni?

Já, Jessie J er fyrirmyndin mín í tónlist.



Ásdís Rán Kristjánsdóttir

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Lag: „Leiddu mig“, sem er íslensk þýðing á „Let it be“.

Fylgdist þú með söngkeppninni sem barn?

Nei, en þó ég hafi ekki einu sinni verið fædd, stendur frammistaða Jónsa árið '96 upp úr en hann söng Litli tónlistamaðurinn. Allt atriðið var bara svo fullkomið að það er ekki hægt að gleyma því.

Hvað er það eftirminnlegasta við ferlið bakvið söngkeppnina?

Ætli það sé ekki í workshoppinu, þar sem ALLIR sem voru að vinna þarna spurðu mig um nafnið mitt og virkilega héldu að þau væru þau fyrstu til að koma með Ásdísar Ránar djók.

Átt þú einhverja fyrirmyndir í tónlistinni?

Já, Björk Guðmundsdóttir er hátt skrifuð hjá mér. Hún er svo öðruvísi og er alveg óhrædd að gera það sem hún vill og hún elskar. Það ættu fleiri að taka hana til fyrirmyndar og hætta að reyna vera alveg eins og allir aðrir.



Helga Sóley og Una

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Lag: „Sumar“.

Hvað hafir þið verið að gera í verkfallinu?

Vinna, verið á æfingum fyrir leikrit sem verið er að setja upp hér í Eyjum, og svo bara chill inná milli.

Hvað er það eftirminnlegasta við ferlið á bakvið söngkeppnina hingað til?

Framkomuþjálfunin.

Gerir þið ráð fyrir að leggja sönginn fyrir ykkur í framtíðinni?

Já, söngurinn er lífið.

Eigið þið ykkur einhverjar fyrirmyndir í tónlistinni?

Beyoncé, vegna þess að hún er fullkomin.



Bryndís Gunnarsdóttir

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

Lag: „Time After Time“ - Cyndi Lauper.

Fylgdist þú með söngkeppninni sem barn?

Ekki þannig séð en ég man að ég var eitt sinn í matarboði og þá var söngvakeppninn í sjónvarpinu. Ég man sérstaklega eftir laginu sem að fulltrúi MS söng. Ég man ekkert hvort að það var stelpa eða strákur en ég man bara hvað mér fannst þetta fallett lag.

Hvað hefur þú verið að gera í verkfallinu?

Vá hvað ég er búin að horfa á margar bíómyndir og taka maraþon í Friends í 100 skiptið.

Átt þú þér einhverjar fyrirmyndir í tónlistinni?

Eva Cassidy er klárlega mín fyrirmynd. Löggin hennar og röddin geta ekki klikkað og svo er það meistari Villi Vill. Þau eru ófá skiptin sem ég mamma, amma, og systir mín öskrum með lögnum hans á leið uppí bústað.



Indíana, Ragnhildur, Stefanía og Kristborg

Kvennaskólinn í Reykjavík

Lag: „Something's Got a Hold on Me“.

Fylgdist þú með söngkeppninni sem barn?

Já, ég (Indiana) fylgdist langoftast með keppninni. Ég man helst eftir því þegar ég var að horfa á keppnina svona í kringum 2003 með frænda mínum. Ég heillaðist svo af þessu og var ákveðin í því að þegar ég færi í menntaskóla þá myndi ég taka þátt.

Hvað gerir þú ef þið vinnið?

Það væri allavega í fyrsta sinn sem að Kvennó myndi vinna keppnina og það væri geðveikt. Ég veit annars ekkert hvað ég myndi gera, líklega bara springa úr gleði.



Kvartettinn Barbari

Menntaskólinn í Reykjavík

Lag: „Drottinn einn veit“ með Beach Boys.

Fylgdist þið með söngkeppninni sem börn?

Við höfum vissulega fylgst með söngkeppninni að einhverju leyti, Eflaust verður það að teljast eftirminnlegast þegar Sverrir Bergmann sigraði hjórtu landsmanna með laginu Án þín.

Eigið þið ykkur einhverjar fyrirmyndir í tónlistinni?

Við lítum mikið upp til King's Choir, drengjakór King's College í Cambridge á Englandi. Þessir piltar eru sannkallaðir gullbarkar.

Hvað gerir þið ef þið vinnið?

Við myndum eflaust reyna að endurvekja Kvartett-menninguna á Íslandi. Þetta er mjög skemmtileg tónlist sem okkur finnst að mætti vel vera meira áberandi í íslensku tónlistarlífi. Sigur í keppninni yrði frábær stökkpallur fyrir slíkt markmið.



Elín Harpa Héðinsdóttir

Verzlunarskóli Íslands

Lag: „Bennie and the Jets“.

Fylgdist þú með söngkeppninni sem barn?

Ég fór eiginlega ekki að fylgjast með keppninni fyrr en fyrir nokkrum árum en ég man alltaf eftir henni Hallfríði gleðipinna sem keppti fyrir Versló 2010. Síðan er ég eins og flestir Íslendingar sem halda ekki vatni yfir Einari Bárðar sem keppti 1991.

Hvað ert þú búin að gera í verkfallinu?

Verzló er ekki í verkfalli. Því miður, eða ekki því miður.

Hvað gerir þú ef þú vinnur?

Ég myndi hringja í Einar Bárðar as soon as possible.



Bergþóra, Iðunn og Margrét Rún

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Lag: „Tonight“ með Enrique Iglesias.

Hvað hafði þið verið að gera í verkfallinu?

Sitja við lestur og handverk aðallega.

Hvað er það eftirminnlegasta við ferlið á bakvið söngkeppnina hingað til?

Framkomunámskeiðið og svo auðvitað allt fólkið.

Gerði þið ráð fyrir að leggja sönginn fyrir ykkur í framtíðinni?

Það er ekki á planinu núna en hver veit? Kannski bara kannski.

Hvað gerði þið ef þið vinnnið?

Jejum og vúhum. Vúh!



Matthías Gunnarsson

Menntaskólinn á Tröllaskaga

Lag: „Angels on the Moon“ með hljómsveitinni Thriving Ivory.

Fylgdist þú með söngkeppninni sem barn?

Nei en það er eitt atriði, þar sem einhver tók „Muscle Museum“ með Muse sem svona líka sjáðist inni í hausinn á mér. Þá var keppandinn klæddur í munka slopp, það voru rauð ljós og allt svaka drungalegt.

Munt þú leggja sönginn fyrir þig í framtíðinni?

Þó að ég geri kannski ekki ráð fyrir því vona ég að eitt-hvað opnast fyrir mér í tónlistarheiminum í framtíðinni.

Hvað gerir þú ef þú vinnur?

Ég var víst búinn að lofa því að ég myndi taka „It's Raining Men“ dansinn úr kvikmyndinni Magic Mike ef að ég vinn þessa keppni. Það er þá bara að bíða og sjá hvernig mér gengur með það.



Magnea og Sigurpáll

Menntaskólinn í Kópavogi

Lag: „Hiding My Heart“ – Adele.

Hvað hafði þið verið að gera í verkfallinu?

Magnea hefur verið að gera mest lítið. Hún er búin að líta smá í bækur en vonar bara að þetta fari að taka eitthvern enda en ef ekki þá skellir hún sér kannski bara til útlanda í smá frí. Sigurpáll hefur verið að aðstoða við að setja upp leiksýninguna Börrlesk sem að MK-ingar standa fyrir og núna er því ferli að ljúka.

Hvað er það eftirminnlegasta við ferlið á bakvið söngkeppnina hingað til?

Það eftirminnlegasta hingað til er klárlega það augnablik þegar að við fengum að heyra að við hefðum unnið MK Urpið, söngkeppni MK. Algjörlega ólýsanlegt augnablik.



Karen Lind Harðardóttir

Borgarholtsskóli

Lag: „Closer“ – Kings of Leon

Hvað hefur þú verið að gera í verkfallinu?

Vinna og bara njóta þess að vera með fólkinu sem mér þykir vænt um.

Hvað er það eftirminnlegasta við ferlið á bakvið söngkeppnina hingað til?

Mér fannst framkomunámskeiðið á vinnuhelginni alveg hreint frábært. Svo mikið af skemmtilegu fólki.

Hvað gerir þú ef þú vinnur?

Fagna með fjölskyldu og vinum og alveg missa mig í gleðinni.



Magdalena Katrín

Menntaskólinn að Laugarvatni

Lag: „Roxanne“ með The Police

Fylgdist þú með söngkeppninni sem barn?

Ég hef fylgst með söngkeppninni alveg frá því að ég var pínulítill, kannski er ekkert sérstakt sem stóð upp úr en ég ákvað mjög ung að þetta væri keppni sem ég ætlaði að taka þátt í og nú er ég hér.

Átt þú þér einhverjar fyrirmyndir í tónlistinni?

Þær eru nokkrar, Högni í Hjaltalín því hann syngur með sálinni og nær einhvern veginn alltaf að vera trúr sjálfum sér og Bítlamir því þeir breyttu algjörlega tónlistarstefnunni á sínum tíma, gerðu fánlega góða tónlist og þeim var alveg sama um hvað öðrum fannst.



Sara Pétursdóttir

Tækniskólinn

Lag: „Make you feel my love“ eftir Bob Dylan.

Hvað er það eftirminnlegasta við ferlið?

Það eftirminnlegasta er að eftir að ég var búin í myndatökunum og viðtölunum fyrir þessa keppni, þá var búið að bjóða mér hlutverk í kvikmynd og svo er ég líklega að fara á samning hjá Elite. Ég er hrikalega ánægð með það.

Gerir þú ráð fyrir að leggja sönginn fyrir þig?

Ég gæti ekki ímyndað mér lífið án þess að syngja. Ef ég hef ekki tíma til að taka smá söngæfingu þá liður mér illa svo ég skýst upp í herbergi og tek nokkur lög svo mér líði betur.

Átt þú einhverjar fyrirmyndir í tónlistinni?

Ég á mér margar fyrirmyndir í tónlistinni en uppáhalds fyrirmyndin er pabbi minn.



Elísabet Cathinca

Iðnskólinn í Hafnarfirði

Lag: „Keep my head up“.

Fylgdist þú með söngkeppninni sem barn?

Ég fylgist smá með sem barn. Það sem mér finnst standa upp úr var þegar Kristmundur Axel og Júlí Heiðar unnu keppnina, mér fannst þetta geðveikt flott lag.

Hvað hefur verið það eftirminnlegasta við ferlið?

Það eftirminnlegastal við ferlið er að mér fannst gaman í viðtölunum því þá fékk ég alla athyglina (hlær).

Áttu þér fyrirmyndir í tónlistinni?

Pink, út af því að stóra systir mín hlustaði á hana og mig langaði að verða eins og stóra systir mín og svo Biggi frændi minn því hann hefur alltaf hvatt mig áfram.



Salóme Katrín

Menntaskólinn á Ísafirði

Lag: „Blue Velvet“.

Hvað hefur þú verið að gera í verkfallinu?

Ég hef verið á allskonar æfingum – dans, píanó, söng og leik. Það er eiginlega bara meira en nóg að gera í þessu blessaða verkfalli.

Átt þú þér einhverjar fyrirmyndir í tónlist?

Ég á ekki margar fyrirmyndir í tónlist en ég er hrikalega hugfanginn af tónlist. Ég get sagt með sannni að dagur án tónlistar er ekki fyrirmyndardagur í mínum huga.

Hvað gerir þú ef þú vinnur?

Ætli ég brosi ekki bara ótrúlega mikið og voni að það verði ekki vandræðalegt að fara aftur upp á svið, þarf maður ekki annars að gera það?



Katrín Lilja Sigurjónsdóttir

Verkmenntaskóli Austurlands

Lag: „Listen“.

Fylgdist þú með söngkeppninni sem barn?

Já mamma fór alltaf með nemendur í hárgreiðslu að greiða fyrir keppnirnar þegar ég var yngri svo það var alltaf mikill spenningur fyrir keppninni hjá okkur systrunum.

Munt þú leggja sönginn fyrir þig í framtíðinni?

Það væri algjör draumur að hafa söng að atvinnu en ég geri ekki ráð fyrir því, allavega ekki ennþá. Á samt klárlega eftir að syngja mikið í framtíðinni.

Átt þú þér einhverjar fyrirmyndir í tónlistinni?

QueenB er náttúrulega díva aldarinnar og hún er klárlega fyrirmynd, en það er samt önnur sem stendur uppúr. Hún er kannski ekki fyrirmynd en Amy Winehouse er í miklu uppáhaldi hjá mér.



Elísabet Skagfjörð

Menntaskólinn við Hamrahlíð

Lag: „Toxic“ - Britney Spears

Hvað hefur þú/þið verið að gera í verkfallinu?

Ég hef verið að undirbúa leiksýningu MH á fullu, við höfum nýtt verkfallið eins mikið og við getum og frumsýndum það núna 26. mars.

Hvað er það eftirminnlegasta við ferlið á bakvið söngkeppnina hingað til?

Vinnusmiðjan hjá Sagaflm þegar við fluttum lagið fyrir framan alla í mjög skritinni útgáfu því við vorum ekki með nein hljóðfæri á staðnum.

Hvað gerir þú/þið ef þú/þið vinnnið?

Ég fæ örugglega bara taugaáfall!



Rebekka Ýr og Snæþór Ingi

Verkmenntaskólinn á Akureyri

Lag: „You are the one that I want“/„Never ever let you go“ eða „You are the one that I will never ever let go“.

Hvað hafið þið verið að gera í verkfallinu?

Ef við byrjum á Snæþóri þá hefur þetta svokallaða „verkfallsfrí“ snúist aðallega um undirbúning og æfingar fyrir Íslandsmótið í fitness. Rebekka hefur lagt sig fram við að styðja við bakið á Snæþóri ásamt því að sprikla aðeins sjálf í ræktinni á milli þess sem hún vinnur. En það sem hefur verið okkur efst í huga er allur undirbúningurinn og vinnan í kringum okkar atriði.

Hvað gerið þið ef þið vinnið?

Ef við vinnum Söngkeppni framhaldsskólanna, sem væri algjör draumur í dós, þá myndum við skella okkur út í heim og njóta þess að vera til.



Úrsúla Hanna og Valur

Menntaskóli Borgarfjarðar

Lag: „Vor í Vaglaslógi“

Hvað hafið þið verið að gera í verkfallinu?

Við höfum verið að æfa okkur fyrir söngkeppnina en Valur hefur verið að æfa fyrir Músíktílaunir líka. Svo hefur Úrsúla verið að vinna og hjálpa til á bænum heima.

Hvað er það eftirminnlegasta við ferlið?

Valur var svo óviðbúinn að vinna keppnina í skólanum okkar að hann týndist. Hann fannst hálfsofandi í einhverjum sófa. Ætli það sé samt ekki þegar Valur fékk sms á sviðinu á undankeppninni og það heyrðist frekar hátt.



Ruth Ragnarsdóttir

Framhaldsskólinn á Húsavík

Lag: „Suitcase“ með Emeli Sande

Hvað hefur þú verið að gera í verkfallinu?

Ég hef aðallega bara verið að sofa og borða, svo horfi ég á nokkra þætti þar inn á milli.

Átt þú þér einhverjar fyrirmyndir í tónlistinni?

Beyoncé er mín fyrirmynd almennt í lífinu bara, hún er bara fullkomin. Hún er svo falleg sál og metnaðarfull fyrir sinni vinnu.

Hvað gerir þú ef þú vinnur?

Ég held hellað partý fyrir Þórunni, Heiðísi og Helgu sem ætla að koma og styðja mig í Hofi.



Andrea Anna Arnardóttir

Menntaskólinn við Sund

Lag: „Hefðum getað átt“ með Adele.

Texti eftir Guðmund Karl Brynjarsson.

Hvað hefur þú verið að gera í verkfallinu?

Ég hef verið að vinna, ég hef ekkert á móti smá auka „money“ svo hef ég auðvitað æft lagið um það bil billjón sinnum.

Hvað er eftirminnlegast við ferlið á bakvið söngkeppnina hingað til?

Mér finnst workshoppið eftirminnlegast. Það var svo gaman að hitta alla og kynnast hinum keppendum.

Gerir þú ráð fyrir að leggja sönginn fyrir í framtíðinni?

Ójá, það er og hefur alltaf verið stefnan.



Selma Rán og Patrekur Ísak

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Lag: „My False“ eftir Matt Corby

Hvað hafið þið verið að gera í verkfallinu?

Erum búnir að vera að sýna leiksýninguna Beetlejuice með leikfélaginu Verðandi í FG. Einnig syngja á tónleikum en aðallega bara sofa.

Hvað er það eftirminnlegasta við ferlið á bakvið söngkeppnina hingað til?

Workshop helgin í Sagafilm og fá að kynnast öllu fólkinu í kringum keppnina.

Gerir þið ráð fyrir að leggja sönginn fyrir ykkur í framtíðinni?

Já, en ætli að leiklistin verði ekki alltaf númer 1.

Hvað gerið þið ef þið vinnið?

Fögnum vel og mikið.



Aðalsteinn, Hjördís, Margrét, Sigurlaug og Sindri

Fjölbrautaskóli Vesturlands

Lag: As long as you love me/ Wide awake

Hvað hafið þið verið að gera í verkfallinu?

Við höfum aðallega verið að æfa fyrir söngkeppnina, annars hafa menn bara sofað, sérstaklega Sindri. Strákarnir hafa einnig tekið þátt í uppsetningu Gauragangs á vegum FVA og spiluðu þar í hljómsveitinni.

Hvað er það eftirminnlegasta við ferlið?

Það sem stendur mest uppúr er auðvitað vinnusmiðjan. Þetta var frábær helgi og við kynntumst fullt af skemmtilegu fólki. Svo var auðvitað frábæra kassasólið hans Alla í kynningamyndbandinu okkar á Monitor síðunni.



Karlotta Sigurðardóttir

Menntaskólinn á Akureyri

Lag: „Bound To You“

Hvað hefur þú verið að gera í verkfallinu?

Reyna að læra eins mikið og ég get.

Hvað er það eftirminnlegasta við ferlið á bakvið söngkeppnina hingað til?

Workshop helgin í Sagafilm.

Átt þú þér einhverjar fyrirmyndir í tónlistinni?

Klárlega pabbi.

Hvað gerir þú ef þú vinnur?

Held ég færi örugglega bara að gráta.



Íris Björk og Birkir

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftárhellssýslu

Lag: „Who Am I“

Fylgdust þið með söngkeppninni sem börn?

Já klárlega, maður fylgist alltaf með þessari keppni.

Hvað er það eftirminnlegasta við ferlið?

Allt fólkið. Allir eru alltaf mjög hressir og kátir. Það taka allir mjög vel á móti manni, þetta er allt mjög stórt og mikið, sérstaklega fyrir utanbæjarfólk.

Hvað gerið þið ef þið vinnið?

Við myndum bjóða öllum vinum okkar í stóra beikonveislu. Svo bara nýta tækifærið og byrja að semja tónlist og aðallega bara njóta þess.



Sunna Celeste

Menntaskólinn á Egilsstöðum

Lag: „I put a spell on you“ með

Screamin' Jay Hawkins

Hvað hefur þú verið að gera í verkfallinu?

Ég er aðallega búin að vera að fara á hestbak og að spila tölvuleiki.

Átt þú þér fyrirmyndir í tónlistinni?

Tom Waits af því að hann er með áhugaverð yrkisefni og flotta rödd.



Dagur Bjarki Sigurðsson

Flensborg

Lag: „Án þín“ í útgáfu Trúbrotis

Hvað er það eftirminnlegasta við ferlið á bakvið söngkeppnina?

Þegar ég vann Söngkeppni Flensborgar.

Átt þú þér fyrirmyndir í tónlistinni?

Sem söngvara aðallega Ronnie Jim Steel, David Byron og svo gítarleikarann Andy Latimer.



Rannveig Sól

Fjölbraut í Breiðholti

Lag: „Dream on“ – Aerosmith

Hvað hefur þú verið að gera í verkfallinu?

Ég hef verið að syngja eins og brjálæðingur.

Gerir þú ráð fyrir að leggja sönginn fyrir þig í framtíðinni?

Já kannski, en að verða tattoo artist er í fyrsta sæti.

Átt þú þér einhverjar fyrirmyndir í tónlistinni?

Já, Jimi Hendrix því hann er Guð.

Hvað gerir þú ef þú vinnur?

Fer að leita að kjálkanum mínum sem ég missti.



Halló Akureyri

FARÐU Í SUND

Rennibrautin í sundlaug Akureyrar er sú skemmtilegasta á landinu ef frá er talið dauðagildru-trampólínjð í Vestmannaeyjum. Ef þig langar í alvöru sveitastemningu getur þú verið enn skemmtilegra að skella sér í sund í Þelamörk sem er rétt utan við bæinn en þar geturðu gótt á fjöllin og stjörnur á meðan þú slakar á í heita pottinum.

Akureyringar eru höfðingjar heim að sækja og það er um að gera að nýta sér helgina í að sjá og upplifa sem mest af þessum fallega bæ.



1



2

UPPLIFÐU MATARMENNINGUNA

Djúpsteikt pylsa með öllu er sérreitur Akureyringa og eru margir sem ekki geta án hennar verið á þunnudögum. Þú gætir þurft að taka það sérstaklega fram ef þú vilt ekki kokteilsósu en fyrst þú ert að fá þér djúpsteikta pylsu á annað borð er um að gera að ganga alla leið og bæta jafnvel við súrum gúrkum.



3

VERTU EXTREME

AK Extreme er sannkölluð bretta- og tónlistarveisla sem enginn má láta framhjá sér fara. Boðið verður upp á tónleika fimmtudags-, föstudags- og laugardagskvöld auk þess sem þétt dagskrá verður í Hlíðarfjalli alla dagana. Brettakappar sýna listir sínar og keppa sín á milli og ef þú telur þig geta skákað þeim bestu er um að gera að taka þátt.

10 HLUTIR til að gera á Akureyri



4

FARÐU Á GÖTUBARINN

Ef þú hefur aldur til, það er að segja (eheimm). Götubarinn er menningarleg gersemi og þegar góðir tónlistarmenn koma þar saman við pianóð er ekki viðlíka stemningu að finna nokkurs staðar á landinu. Svo er nóg af skúmaskotum á barnum til að stela einum lauflettum kossi af ástinni í lífi manns nú eða bara ástinni í lífi

KÍKTU Á VISTINA

Í Menntaskólanum og Verkmenntaskólanum á Akureyri eru ýmsir utanbæjarmenn sem eiga sér samastað á heimavistinni við Eyrarlandsveg. Það er ekki hlaupið að því að verða sér úti um gistiþláss þar því „vistmenn“ þurfa að sækja sérstaklega um að fá að hafa næturgest. Það ætti þó ekki að stoppa neinn í að kynna sér vistarverurnar örlítið betur enda er lífið á vistinni vafalaust villt.

5

KYNNTU ÞÉR HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

Það er líf eftir framhaldsskóla og það er svo sannarlega líf utan Reykjavíkur. HA býður upp á frábært félagslíf og gott námsframboð á ýmsum sviðum. Ef þig langar að verða kvótakóngur er til dæmis tilvalið að skella sér í sjávarútvegsfræði og ef þú vilt vera undirlaunaður heilbrigðisstarfsmaður geturðu skellt þér í hjúkrunarfræði eða í iðjuþjálfun.

10



6

FINNDU HINN SANNA JÓLAANDA

Jólaandinn býr í Jóláhúsinu þar sem jólin eru haldin hátíðleg allt árið um kring. Allt er eitthvað svo hlýtt og gott í Jóláhúsinu, þar eru aldrei verkföll, próf eða drama-tík. Kíktu í jóláhúsið og kaupðu eitthvert fallegt jólaaskaut í búið eða handa ömmu þinni. Svo er líka tilvalið að ná ljósmyndinni fyrir jólakortið bara snemma þetta árið.

FÁÐU ÞÉR ÍS

Er þér kalt? Seigur skítur! Þegar borgarbörn og fólk af öðrum landshlutum heimsækir Akureyri jafnast það á við guðlast að fá sér ekki Brynjuís. Skelltu þér í lopapeysuna og í ullarsokkana og röltu upp gilið með ís í hendi en sól í hjarta.

FARÐU Í HLÍÐARFJALL

Hlíðarfjall veitir besta mögulega sjónarhornið á AK City. Því er um að gera að drífa sig í fjallið og leika sér á skíðum eða bretti. Ef þú ert ekki vopnaður svoleiðis græjum má yfirleitt leigja þær á staðnum en annars er alltaf hægt að skella sér á þotu, byggja snjókarl eða bara velta sér nakinn upp úr snjónum. Nektarhlaup í snjó bætir og kætir en varist þó kul og hrellið ekki aðra gesti með þjóhóppunum eða öðrum líkamspörtum sem sjá sjaldan til sólar.



8

TAKTU TRÖPPU-SELFIE

Það þurfa allir gestir á Akureyri að smella af sér mynd á tröppum Akureyrarkirkju. Monitor mælir með að þú bætir um betur og mætir á bomsum eða flókum og takir svo Stuðmannahoppið alla leið upp eins og sannur íslenskur karlmaður, hvors kyns sem þú nú ert.



7



9

Hvað fylgir miðanum?

Þeir sem kaupa sér miða á Söngkeppni framhaldsskólanna geta unnið glæsilegan Samsung S4 síma í boði Voda-fone og veglegan glaðning frá helstu samstarfsaðilum keppinnar s.s. Coke, Subway, Serrano og Flugfélagi Íslands. Dreigið verður út bæði á undankeppninni og úrslitunum og því er um að gera að velja sætið sitt vel.

Auk möguleika á glæsilegum vinningum veitir miðinn áhorfendum aðgang að ýmsum skemmtilegum viðburðum og afsláttum yfir helgina. Highlands kemur fram á undankeppninni. Frítt verður inn á fyrsta kvöldið af þrem í Sjallan á tónlistar- og snjó-brettahátíðinni AK Extreme þar sem Egill Dj, Mafama, Vök og Logi Pedro koma fram. AK Extreme armbandið fæst á 900 kr. afslætti. Moving Concert í strætó. Grillveisla á vegum AK Extreme fimmtudagskvöldið 3. apríl þar sem hægt verður að fylgjast með King of the Hill keppninni eða taka þátt. Handhafar miða á Söngkeppni framhaldsskólanna 2014 fá afslátt á eftirtöldum stöðum:

- Benetton
- Body Shop
- Centro
- Stjörnusól
- Jara
- Make Up Gallery
- Intersport
- Levi's
- Passion
- Mössubúð
- Pier
- Eymundsson
- Geisli
- Rúmfatalagerinn
- Sportver
- Goya Tapas Bar
- Rub 23
- Bjarg
- Body Shop
- Heilsuhúsið
- Lyf og heilsa
- Serrano
- Glerárlaug
- Sundlaug Akureyrar
- Keilan





...að aldrei hefur sést eins stórkostleg salsaveifla og sú sem Jónsi (þá ekki í Svörtum fötum heldur glimmerskyrtu) vippaði fram úr erminni í keppninni árið 1996.



...að söngkeppni framhaldsskólanna fór fram í fyrsta skipti árið 1990. Þá bar Lárus Ingi Magnússon frá Fjölbautaskóla Suðurlands sigur úr bítum en í þriðja sæti var hinn eini og sanni Páll Óskar Hjálmtýsson.



...Anna Katrín Guðbrandsdóttir vann söngkeppnina þann 30. apríl 2003. Anna Katrín átti einmitt 17 ára afmæli þann dag og eftir að verðlaunin höfðu verið afhent lét Birgitta Haukdal salinn syngja afmælissönginn fyrir Önnu.

...að Nanna Bryndís Hilmarsdóttir úr Of Monsters and Men tók þátt í söngkeppninni árið 2007 og varð í þriðja sæti. Hún flutti frumsamda lagið „Gleym mér ei“ og vitnaði þar meðal annars í ljóð Davíðs Stefánssonar „Til eru fræ“.



Söngkeppni framhaldsskólanna hefur verið haldin árlega frá árinu 1990 og hefur hún reynst frábær stökkpallur fyrir upprennandi tónlistarmenn. Það er vel þess virði að líta yfir farinn veg og rifja upp það sem söngkeppnin hefur fært íslenskri menningu í gegnum tíðina.

Vissir þú...



...að árið 2012 vann karlakór Sjómannaskólans söngkeppnina fyrir hönd Tækniskólans. Sigurvegararnir það árið voru fleiri en sigurvegarar keppinnar frá upphafi.



...að Eyþór Ingi var uppgötvaður í Söngkeppni framhaldsskólanna og þaðan boðaður í Bandið hans Bubba þar sem hann var einnig sigurvegari.



...að Emiliana Torrini söng sig til sigurs árið 1994 með diskólagarann „I will Survive“ að vopni.




...að árið 2006 varð Gréta Mjöll Samúelsdóttir í öðru sæti í söngkeppninni ásamt systur sinni Hólmfríði Ósk með frumsamda útgáfu af sjómannslagaranum „Ó María“. Lagið naut gríðarlega vinsælda á útvarpsstöðvum landsins í kjölfarið og var jafnvel framleitt tónlistarmyndband.



...að Hreimur Örn Heimisson tók einnig þátt árið 1996, aðeins rúmu ári áður en hljómsveitin Land og Synir gerði allt vitlaust með laginu Vöðvastæltur.



...að Auðunn Blöndal samdi íslenska textann við lagið „Án þín“ sem Sverrir Bergmann söng og sigraði með í söngkeppninni árið 2000. Setningin „Ég skæri mér hjartað úr með skeið“ er fengin að láninu úr kvikmynd um Hróa Hött.



...að þau Regína Ósk, Páll Óskar, Eyþór Ingi og Hera Björk hafa öll lent í þremur efstu sætum söngkeppninnar og hafa sömuleiðis öll tekið þátt í Eurovision fyrir Íslands hönd.



...að þegar Magni Ásgeirsson tók þátt í Söngkeppni Framhaldsskólanna árið 1996 var hann með sítt og mikið há.



...að lengst af var bannað að syngja á öðru tungumáli en íslensku í keppninni og þurftu því keppendur oft að semja nýja texta við erlend lög.



...að Birgitta Haukdal skartaði fullum haus af flöttum á keppninni árið 1998.



...að leikarinn Sigurður Þór Óskarsson vann keppnina árið 2008 með laginu „The Professor“ sem er að hluta til á frönsku.



...lagið „Komdu til baka“ sem Kristmundur Axel og Júlí Heiðar sigruðu með árið 2010 fyrir hönd Borgarholtskóla byggðist á raunverulegri reynslu Kristmundar af því þegar faðir hans sem var óvirkur alkóhólísti féll.



HÖNDLARÐU HITANN ?

THE ORIGINAL
**TURKISK
PEBER**



Vodafone RED er komið til Íslands

Ótakmörkuð símtöl og SMS óháð kerfi í alla farsíma og heimasíma á Íslandi

Skiptu yfir í Vodafone RED á vodafone.is



Vodafone
Góð samskipti bæta lífið